

Ed.

220. Nefndarálit

[119. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en eigi getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggjum við undirritaðir til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en þeir hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) og hv. 6. þm. Sunnl. (HB) munu skila séráliti.

Meiri hl. n. lítur svo á, að vegna þeirra miklu hækkana á kaupgjaldi, sem orðið hafa á s. l. ári, verði ekki hjá því komizt, að hlaupið verði undir bagga með útflutningsframleiðslunni með framlögum úr ríkissjóði, svo sem frv. gerir ráð fyrir.

Um þetta atriði er í rauninni heldur enginn ágreiningur hér á hv. Alþingi, og af hálfu stjórnarandstöðunnar hafa jafnvel verið bornar fram tillögur um meiri aðstoð við útveginn en hér er gert ráð fyrir. Hins vegar er ágreiningur um það, hvernig fjár skulu afla til þess stuðnings við útflutningsframleiðsluna, sem í frv. felst. Stjórnarandstæðingar telja ekki þörf nýrrar tekjuöflunar í því skyni, en benda á það, að ráðstafa megi tekjuafgangi ríkissjóðs frá fyrri árum til slíkrar fjáröflunar.

Við getum ekki fallizt á það sjónarmið, þar eð tekjuhalli á fjárlögum mundi að okkar áliti hafa í för með sér sízt minni dýrtíðaraukningu en sú fjáröflun, er frv. gerir ráð fyrir, auk margvíslegra annarra óheppilegra áhrifa á efnahagsmál þjóðarinnar.

Við getum ekki heldur fallizt á það sjónarmið stjórnarandstöðunnar, að lækkun vaxta mundi vera heppilegt úrræði í þessu efni. Þótt sú leið væri farin, mundi útflutningsframleiðsluna lítið muna um þá kostnaðarlækkun, sem af því leiddi, en auk þess má telja víst, að vaxtalækkun mundi auka verulega þenslu og ójafnvægi í efnahagskerfinu og því skapa meiri nýjan vanda en þann, sem leysa mætti með slíkri ráðstöfun.

Þó að við gerum okkur hins vegar ljóst, að hér er ekki um annað og meira að ræða en bráðabirgðalausn á aðkallandi vanda, þá mælum við með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. janúar 1964.

Ólafur Björnsson,
form., frsm.

Jón Þorsteinsson,
fundaskrifari.

Magnús Jónsson.